

HEIMSÓKN.IS



Upplýsingabæklingur fyrir aðstandendur
og starfsmenn dvalarheimila

„Ég get ekki lýst því hvað þessi vefur hefur komið sér vel fyrir okkur í fjölskyldunni. T.d. var ég fjarverandi í 4 vikur og þá var gott að geta fylgst með hverjir fóru og hvenær farið var í heimsókn, og hvernig staðan var.“

„Ég vil lýsa yfir ánægju minni með vefinn. Hann auðveldar okkur að fylgjast vel með, að samræma verkefni og vettvangsferðir sem við skipuleggjum og svo er bara svo gaman að fá nýjustu fréttir fljótt og vel. Kærar þakkir fyrir þetta frábæra framtak.“

„Heimsókn.is er frábært framtak og mikið þarfaping. Þannig náum við í fjölskyldunni að tryggja að amma fái heimsóknir nær daglega.“

Almennt um vefinn

Heimsókn.is (www.heimsokn.is) er vefur sem ætlað er að auðvelda aðstandendum að skipuleggja heimsóknir og umönnun ættingja sem dvelja t.d. á dvalarheimilum aldraðra eða hjúkrunarheimilum eða sem af einhverjum ástæðum þurfa sérstaka aðhlynningu. Einnig getur vefurinn einfaldað samskipti milli starfsfólks heimila og aðstandenda. Vefurinn býður m.a. upp á gagnvirkt dagatal, dagbók, verklista og vöktunarkerfi sem sendir út póst ef þörf þykir.

Ábyrgðaraðili og hönnuður kerfis er Starkaður Barkarson (kt. 181073-5789) en hann á og starfar einnig við Stoðkennarann ehf. sem hefur haldið úti námsvef í um

Samkipta- og skipulagstól aðstandenda

Heimsókn.is gerir aðstandendum kleift að skiptast á einfaldan hátt á upplýsingum sem varða umönnum ættingja þeirra, hvort sem viðkomandi dvelur á dvalar-, hjúkrunar- eða eigin heimili.

Kjarni vefjarins er dagatalið en þar geta ættingjar skráð væntanlegar heimsóknir, símtöl eða viðburði. Þannig geta aðstandendur á skjótan hátt séð hvernig heimsóknir dreifast og með samstilltu en einföldu átaki dreift þeim skipulega yfir vikuna. Kerfið sendir út póst ef x margir dagar (stillingaratriði hvers og eins notanda) hafa liðið án þess að ættingi hafi fengið heimsókn. Einnig minnir það á heimsóknir samdægurs.

Í dagbókina er hægt að skrá fréttir eða hugrenningar, t.d. í kjölfar heimsóknar, og getur hún orðið vettvangur skoðanaskipta og umræðu.

Á verklistann er hægt að skrá smærri og stærri verkefni sem þarf að sinna, eins og t.d. að kaupa nýja inniskó eða fara með útvarp í viðgerð. Allir ættingjar eru því þannig meðvitaðir um þau verk sem þarf að sinna og geta tekið þau að sér og merkt lokið. Þannig dreifist álagið á fleiri herðar og líklegra er að verkum sé sinnt hratt og örugglega.

Hægt er að senda póst í gegnum kerfi Heimsóknar.is sem berst þá öllum ættingjum. Þannig er á einfaldan hátt hægt að koma á framfæri upplýsingum sem ekki eiga heima á verklista, dagbók eða dagatali.

Auk þess er hægt að halda utan um lista yfir nöfn, netföng og síma tengiliða, svo sem eins og sjúkrapjálfa eða hárskera, og skrá lyf og skammta á sérstaka lyfjaskýrslu.

Samskiptatæki dvalarheimilis og aðstandenda

Dvalarheimili geta ákveðið að nota vefinn til að einfalda samskipti sín og aðstandenda. Starfsmenn heimila geta skráð atburði á dagatal heimilismanna, t.d. ef viðkomandi þarf að fara í læknisskoðun eða kýs að taka þátt í einhverju tómstundastarfi heimilis. Starfsmenn sjá hvort einhverjir hafa skráð heimsókn á dagatal en þeir sjá hvorki nöfn né athugasemdir aðstandenda. Einnig geta starfsmenn skráð viðburði á sérstakl dagtal heimilis.

Starfsmenn geta skráð færslu í dagbók sem aðeins nánustu ættingjar sjá. Dagbókin er hugsuð sem vettvangur fyrir saklausar og jafnvel upplífandi fréttir frá stofnun. Starfsmenn sjá ekki færslur aðstandenda.

Starfsmenn geta einnig nýtt sér verklistann og skráð þar verk sem þarf að sinna. Aðeins nánustu ættingjar sjá þær færslur og geta tekið að sér með því að merkja sér þær. Starfsmenn sjá ekki verk sem aðstandendur skrá, en hins vegar sjá þeir hver hefur tekið að sér verk sem starfsmaður heimilis hefur skráð og hvernær það hefur verið merkt sem lokið.

Einnig er hægt að senda fjöldapóst til nánustu aðstandenda einstaks heimilismanns eða allra heimilismanna á einfaldan og skjótvirkan hátt. Starfsmenn þurfa því ekki að halda utan um netföng aðstandenda en þess í stað sjá aðstandendur um að skrá sig og bera ábyrgð á því að netföng séu rétt. Stofnandi svæðis sér einnig um að skilgreina hverjir eru nánustu ættingjar og eiga að hafa aðgang að upplýsingum frá starfsmönnum stofnunar.

Hvernig stofnar maður aðgang?

Það er einfalt að stofna aðgang að Heimsókn.is. Einn af aðstandendum tekur sig til og fer á www.heimsokn.is og smellir á hnappinn *Stofna aðgang*. Þar ritar hann nafn ættingja síns sem og sitt eigið nafn og netfang. Mikilvægt er að fólk átti sig á því að aðeins einn aðili tekur að sér þetta skref. Sá er einnig skilgreindur sem stofnandi svæðis í kerfinu og hefur fyrir vikið stjórnunaraðgang sem gerir honum kleift að stjórna stillingum, t.d. varðandi aðgang annarra.

Þegar þessu ferli er lokið hefur svæði verið stofnað með dagbók, dagatali og verklista. Einnig hefur notandaaðgangur stofnanda verið virkjaður og aðgangsorð send á netfang hans. Næsta skref er að skrá sig inn og fylla inn nánari upplýsingar um ættingja (t.d. fæðingardag og heimilisfang).

Þá er komið að því að bjóða öðrum að tengjast kerfi. Stofnandi smellir á krækjuna *Bjóða vinum/vandamönnum* og afritar netföng þeirra í viðkomandi reit. Þeir fá þá póst þar sem þeim er gefinn kostur á að verða sér úti um aðgang sem tengdur verður svæði viðkomandi ættingja.

Þegar nýr notandi tengist svæði fær hann sjálfkrafa aðgang að dagatali. En ef hann á einnig að fá aðgang að verklista og dagbók þarf stofnandi svæðis að breyta stillingum. Það er gert með því að smella á *Aðgangsstýring notenda*.

Komið á tengslum heimilis og aðstandenda

Ef starfsmenn dvalarheimils ákveða að nýta Heimsókn.is til samskipta við aðstandendur senda þeir póst til nánustu aðstandenda með upplýsingum um vefinn, enda er það á ábyrgð aðstandenda að stofna svæði ættingja síns. Einn fjölskyldumeðlimur tekur að sér að stofna aðgang (sjá lið að ofan). Í reitinn *Kóði stofnunar* ritar hann kóða sem honum var látið í té. Þar með hefur viðkomandi heimilismaður verið tengdur stofnun í kerfi Heimsóknar. Þó á starfsmaður dvalarheimilis eftir að samþykka tengsl áður en þeim er endanlega komið á. Þannig þurfa bæði ættingjar og dvalarheimili að samþykka tengsl á upplýstan hátt.

Þegar stofnandi svæðis hefur sent út boð til annarra fjölskyldumeðlima um að tengjast kerfinu er nauðsynlegt að hann merki þá aðila sérstaklega sem eiga að hafa aðgang að upplýsingum frá starfsmönnum dvalarheimilis (með því að smella á *Aðgangsstýring notenda*).

Ef fjölskylda hefur þegar tekið kerfið í notkun og fær svo póst frá dvalarheimili með kóða heimilis, þá þarf ekki að stofna svæði á ný heldur nægir að stofnandi svæðis skrái sig inn, smelli á *Breyta upplýsingum* og slái inn kóða.

Að hafa samband

Hægt er að hafa samband við starfsmann Heimsóknar með því að senda póst á info@heimsokn.is ellegar með því að hringja í síma 892-4516.